

Comeniusarfréttir

49 skólaverkefni styrkt

Sextíu og níu umsóknir um skólaverkefni bárust en af þeim fjölda var hægt að veita styrki til 47 skólaverkefna og 1 tungumálverkefnis með nemendaskiptum. Á heimasíðu www.comenius.is er að finna lista yfir þá skóla sem fengu styrk í ár. Einnig er hægt að skoða heimasíður verkefna/skóla sem þegar hafa tekið þátt. Fjölbreytni verkefna er gífurleg og fjöldi íslenskra nemenda sem taka þátt er að meðaltali um 4000 nemendur á ári. Verkefni geta verið af ýmsum toga og tengst öllum námsgreinum, jafnt tungumálum sem stærðfræði, íþróttum eða heimilisfræði. Verkefni eru ávallt styrkt til 2 ára. Flest verkefna eru í höndum grunnskóla eða 19 verkefni, 17 framhaldsskólar og 12 leikskólar. Í skólaverkefnum er skilyrði að a.m.k. 3 Evrópulönd vinni saman.



Comeniusarverkefni lönskólans í Hafnarfirði. Nemendur í Slóvakíu

Styrkir eru veittir til undirbúningsheimsókna til að sækja fundi eða tengslaráðstefnur til að koma á fót verkefnum. Þær umsóknir berast að jafnaði síðsumars og á haustin. Veittir voru um 20 styrkir til undirbúningsheimsókna. Forgangs nutu skólar sem ekki höfðu tekið þátt áður.

Á slóðinni www.ask.hi.is/page/samstarfsadilar er hægt að sjá þá evrópska skóla sem óska eftir samstarfi við íslenska skóla.

65 kennarar á endurmenntunarnámskeið í Evrópu

Hátt í 80 umsóknir kennara bárust vegna endurmenntunar. Um 65 kennarar á leik- grunn- og framhaldsskólastigi fengu styrki til að sækja evrópsk námskeið í sínu fagi eða fara og fylgjast með í skólum "job shadowing". Þrjú umsóknarfrestir eru á ári og meðaltal styrkja er um 1500 evrur fyrir vikulangt námskeið.

Árið 2008 verður hægt að styrkja styttri námskeið en 5 daga.

Evrópsk áhrif í skólum

Aðstoðarkennsla verðandi kennara í grunn- og framhaldsskólum hefur notið vinsælda meðal skóla 15 umsóknir bárust frá íslenskum grunn- og framhaldsskólum til að fá aðstoðarkennara frá Evrópu, en 7 aðstoðarkennarar komu í ár frá Spáni, Ítalíu, Frakklandi, Bretlandi, Litháen, Þýskanlandi. Aðstoðarkennararnir eru styrktir frá sínu heimalandi.

Einungis bárust 3 umsóknir frá íslenskum verðandi kennurum í aðstoðarkennslu til að fara utan.

Umsóknarfrestir

Umsóknarfrestur fyrir Comenius skólaverkefni og nemendaskiptaverkefni er **15. febrúar 2008**.

Umsóknareyðublöð eru á slóðinni <http://ask.hi.is/page/SP>

Umsóknin skal vera útfyllt á ensku eða því tungumáli sem er samskiptamál verkefnisins. Niðurstöður úr matsferli eiga að liggja fyrir í júní 2008.

Næsti umsóknarfrestur um styrki til **endurmenntunar kennara er 31. janúar 2008** og á við námskeið sem haldin eru á tímabilinu frá 1. júní til 30. september 2008. Umsóknareyðublöð eru á slóðinni <http://ask.hi.is/page/IST>. Aðrir umsóknarfrestir á árinu 2008 fyrir endurmenntun kennara eru 31. mars, 30. júní og 30. september.

Umsóknarfrestur fyrir styrki til **aðstoðarkennslu og þjálfunar kennaranema** er einnig **31. janúar 2008**.

Eyðublöð og nánari upplýsingar eru á slóðunum <http://www.ask.hi.is/page/initial>

<http://www.ask.hi.is/page/languageassistant>

Umsóknum skal skilað til Landsskrifstofu Menntaáætlunar ESB, Háskólatorgi, 101 Reykjavík í tveimur eintökum. Einnig er óskað eftir því að umsóknir séu sendar á rafrænu formi á netfangið ask@hi.is.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár